

Fundargerð

202. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 27. maí 2014 kl. 13⁴⁰–14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) (
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Halldór Haraldsson (HH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) (fjarverandi)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Lagabreytingar
- (3) Glerumbúðir
- (4) Rekstur janúar – apríl 2014
- (5) Ársfundur 2014
- (6) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (201. fundar).

2. Lagabreytingar

Lagðar voru fram á fundinum nýsamþykktar breytingar á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Farið yfir helstu breytingar.

3. Glerumbúðir

Lagt var fram á fundinum minnisblað um glerumbúðir. ÓK fór yfir það að á fyrri stjórnarfundum hefur verið fjallað nokkuð um málið
Tillaga er um að gera úttekt á málinu í samvinnu við Endurvinnsluna.

Stjórn Úrvinnslusjóðs samþykkir að hafa samvinnu við Endurvinnsluna hf. um úttekt á stöðu glerumbúða í samvinnu við þriðja aðila. Framkvæmdastjóra falið að ræða við fulltrúa Endurvinnslunnar hf.

4. Rekstur janúar – apríl 2014

Lagt var fram á fundinum smámyndayfirlit yfir rekstur janúar til apríl 2014 og samanburður við síðasta ár. ÓK fór yfir helstu stærðir.

5. Ársfundur 2014

Sagt var frá því á fundinum að unnið er að uppsetningu ársskýrsla Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2013 hjá prentsmiðju.

Stjórn samþykkir að stefna skuli að árfundi 2014 í september n.k. fyrir árið

6. Önnur mál
Engin.

Næsti fundur ákveðinn 3. júní 2014.
Fundi slitið kl 14:00